

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um bið eftir endurhæfingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir bíða nú eftir endurhæfingu á heilbrigðisstofnunum, flokkað eftir stofnunum? Hve lengi hafa þeir sjúklingar beðið sem beðið hafa lengst og hversu löng er biðin nú?

Samkvæmt upplýsingum sem safnað var um mánaðarmótin apríl/mars sl. voru biðlistar eftir endurhæfingu á fjórum heilbrigðisstofnunum á landinu.

Á endurhæfingardeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri á Kristnesi eru 195 á biðlista. Sá sem lengst hefur verið á listanum hefur verið þar í rúmlega þrjú ár. Meðalbiðtími er tæpir átta mánuðir. Ekki eru taldir með þeir sem koma beint af öðrum deildum sjúkrahússins og fara ekki á biðlista.

Á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði eru 538 á biðlista. Lengsta bið er tæplega fjórir mánuðir en meðalbiðtími rúmlega tveir og hálfur mánuður.

Biðlistar á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.

	Á biðlista	Biðtími, vikur
Öldrunarlína	138	12–16
Stuðningslína	71	2–4
Gigtarlína	63	12–16
Bæklunarlína	59	4–12
O-lína	53	12–16
Verkjalína	50	12–16
Hjartalína	40	12–16
Heilsuefling	30	12–16
Krabbameinslína	20	2
Liðskiptalína	14	2
Samtals á biðlista	538	

Eftir endurhæfingu á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi bíða 95. Meðalbiðtími er um sjö og hálfur mánuður. Inni í þessari tölu eru um 30 manns sem hefur verið boðin innlögn en hafa óskað eftir að fresta komu og vera áfram á biðlista. Þetta skekkir töluna nokkuð og því er ekki raunhæft að setja fram tölur um lengsta biðtíma.

Á Reykjalundi eru 1.225 manns á biðlista. Lengsti biðtími er á gigtar sviði, 114 vikur, eða um það bil 26 mánuðir. Verið er að endurskoða þann biðlista og búist er við að hann styttest töluvert við það. Bið eftir þjónustu annarra sviða er 6–43 vikur, mismunandi eftir sviðum. Ekki tókst innan þess frests sem gefinn var til að svara fyrirspurninni að fá upplýsingar um meðalbiðtíma eftir þjónustu Reykjalundar.

Biðlistar á Reykjalundi.

	Á biðlista	Biðtími, vikur
Atvinnuendurhæfing	11	
Gigtarsvið	243	114
Lungnasvið	93	27,3
Hjartasvið	78	22
Verkjasvið	212	27
Næringarsvið	376	64
Taugasvið	54	6,1–43
Geðsvið	158	39
	1.225	

Ekki hefur enn gefist ráðrúm til að fara yfir biðlistana með tilliti til þess hvort einhverjir eru á lista hjá fleiri en einni stofnun en það verður gert innan skamms.